



Sif Konráðsdóttir
Hólum
604 Akureyri

Dagsetning **9. febrúar 2024**
Málsnúmer IRN24020028

Innviðaráðuneytinu barst þann 19. júní sl. erindi Sifjar Konráðsdóttur, f.h. Sigrúnar Bjarnadóttur (hér eftir málshefjandi), þar sem óskað er eftir því að ráðuneytið taki til athugunar á grundvelli 112. gr. Sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, tiltekin samkomulög Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir sveitarfélagið) í tengslum við undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar. Í bréfi ráðuneytisins til málshefjanda, dags. 5. júlí sl., var upplýst um að erindið hefði verið sett í þann farveg að ráðuneytið myndi leggja mat á hvort að efni þess gæfi tilefni til að fjalla formlega um stjórnarsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þann 18. október sl. barst ráðuneytinu jafnframt erindi Margrétar Erlendsdóttur, f.h. málshefjanda, þar sem kvartað var yfir framkomu oddvita og sveitarstjóra sveitarfélagsins í garð málshefjanda. Byggist kvörtunin á því að sveitarstjórinn hafi misnotað stöðu sína með ítrekuðum kröfum á hendur málshefjanda í krafti embættis síns um að afhenda einkaréttarlegan samning.

Eftirlitshlutverk innviðaráðuneytisins með stjórnarsýslu sveitarfélaga

Eftirlitshlutverki innviðaráðuneytisins með sveitarfélögum er lýst í XI. kafla sveitarstjórnarlaga. Þar kemur meðal annars fram í 1. mgr. 109. gr. að ráðuneytið hefur eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga og því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Ráðuneytið hefur þó ekki eftirlit með stjórnarsýslu sveitarfélaga sem öðrum stjórnvöldum á vegum ríkisins hefur með beinum hætti verið falið eftirlit með, sbr. 2. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga. Eftirlit ráðuneytisins fer meðal annars fram með þeim hætti að ráðuneytið ákveður sjálft hvort tilefni er til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Taki ráðuneytið stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar getur ráðuneytið meðal annars gefið út álit eða leiðbeiningar um lögmæti athafna eða athafnaleysis sveitarfélags á grundvelli 1. eða 2. tl. 2. mgr. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Við mat á því hvort tilefni sé til að taka stjórnarsýslu sveitarfélags til formlegrar umfjöllunar lítur ráðuneytið til tiltekinna sjónarmiða sem fram koma í verklagsreglum sem birtar eru á vefsíðu ráðuneytisins, www.irm.is. Meðal þessara sjónarmiða eru hvort vísbendingar séu um að stjórnarsýsla sveitarfélags samrýmist ekki lögum, hversu miklir þeir hagsmunir eru sem málið varðar, hversu langt er liðið frá því atvik máls áttu sé stað, hvort sá sem ber fram kvörtun er kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og hversu mikil réttaróvissa ríkir á því sviði sem málið varðar, það er hvort þörf er á leiðbeiningum ráðuneytisins.

Í þessu máli var fyrra erindi málshefjanda í formi stjórnarsýslukæru þar sem farið var fram á að ráðuneytið myndi úrskurða um tiltekin álitæfni málsins á grundvelli 111. gr. sveitarstjórnarlaga. Með bréfi ráðuneytisins til málshefjanda dags 5. júlí sl. var upplýst um að ráðuneytið teldi að þau kæruatriði sem vísað væru til í erindinu teldust ekki til stjórnvaldsákvarðana í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Í 1. mgr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga segi að aðila máls sé heimilt að kæra til ráðuneytisins ákvarðandi um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti þess skv. 109. gr. laganna og af því leiðir að einungis stjórnvaldsákvarðir verði bornar undir ráðuneytið með stjórnarsýslukæru. Í bréfi ráðuneytisins kom því fram að ráðuneytið teldi ekki forsendur til að taka erindið til meðferðar sem stjórnarsýslukæru. Hins vegar muni ráðuneytið setja málið í þann farveg að það verði tekið til skoðunar á grundvelli frumkvæðiseftirlits ráðuneytisins skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Í ljósi þess hvernig mál þetta er vaxið telur ráðuneytið rétt að fjalla um bæði erindi málshefjanda í bréfi þessu.

Málsatvik og málsmeðferð

Kvörtun vegna rammisamkomulags

Í erindi málshefjanda til ráðuneytisins, dags. 19. júní sl., er farið fram á að ráðuneytið taki til skoðunar rammisamkomulag um undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar frá 26. júní 2008 og samkomulag um lokauppgjör á rammisamkomulagi milli sveitarfélagsins og

Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar frá 23. júní 2023. Að mati málshefjanda sé uppistöðulón tengt fyrirhugaðri virkjun allt of víðfemt og hætta stafi af fyrir hross og menn. Þá telur málshefjandi að áhættumat og undirbúningur málsins sé ófullnægjandi og verulega áfátt í mörgum og mikilvægum atriðum.

Þann 26. júní 2008 var undirritað rammasamkomulag milli sveitarfélagsins og Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar. Samkomulagið hafi verið gert til að semja um mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda við virkjanir og um greiðslu beins kostnaðar sveitarfélagsins af skipulagsmálum vegna virkjananna. Með samkomulaginu féllst sveitarfélagið m.a. á að gera tiltekna breytingar á aðalskipulagi og Landsvirkjun að taka þátt í ýmsum kostnaði sem hlytist af gerð virkjananna. Samkvæmt 7. gr. fyrrnefnds samkomulags, skyldi Landsvirkjun greiða allan sannanlegan útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna undirbúnings virkjana, m.a. kostnað vegna skipulagsbreytinga og vinnu við útgáfu framkvæmdaleyfis. Þann 23. júní 2023 gerðu sömu aðilar með sér samkomulag um lokauppgjör á ofangreindu rammasamkomulagi til að ganga frá fullnaðaruppgjöri á útistandandi þáttum þess. Í 3. mgr. 2. gr. þess samkomulags, kemur fram að greiða hafi átt 15.000.000 kr. skv. 7. gr. rammasamkomulagsins, sbr. lið 5 í fylgiskjali með rammasamkomulaginu. Eftirstöðvar að fjárhæð 9.000.000 kr. séu núvirtar samtals 17.403.596 kr.

Málshefjandi bendir á að í þágildandi skipulagslögum hafi ekki verið að finna heimildir fyrir því að framkvæmdaaðili taki þátt í kostnaði við gerð skipulags og vísar m.a. til úrskurðar samgönguráðuneytisins frá 31. ágúst 2009 í máli nr. 25/2009. Í úrskurðinum taldi ráðuneytið sambærilegt ákvæði í samkomulagi Flóahrepps og Landsvirkjunar ólögmeitt þar sem ekki væri heimild fyrir því í lögum. Í samkomulaginu var kveðið á um að Landsvirkjun myndi bera allan kostnað af gerð deiliskipulags af virkjunarsvæði Urriðafossvirkjunar ásamt tilheyrandi greinargerðum vegna skipulagsvinnu og framkvæmdaleyfis. Landsvirkjun myndi greiða þann kostnað beint til ráðgjafa þeirra er önnuðust það verkefni í samráði við sveitarstjórn. Í úrskurði samgönguráðuneytisins hafi komið fram að fortakslaut hafi verið kveðið á um það í skipulags- og byggingalögum með hvaða hætti greiða skyldi kostnað við gerð deiliskipulags og því hefði Flóahreppi ekki verið heimilt að semja við Landsvirkjun um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu með þeim hætti sem 6. gr. samkomulagsins mælti fyrir um.

Málshefjandi fer fram á að umræddur rammasamningur frá 26. júní 2008 og lokauppgjör hans, dags 2. júní 2023 verði í heild fellt úr gildi og til vara að samningarnir verði lýstir ólögmeitir. Til þrautavara er farið fram á að 7. gr. rammasamningsins og samsvarandi ákvæði uppgjörssamnings 2. júní 2023 verði felld úr gildi og til annarra þrautavara að 7. gr. rammasamningsins og tilsvareandi ákvæði samnings um lokauppgjör verði lýst ólögmeitt.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins um erindi málshefjanda með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga og barst sú umsögn ásamt fylgiskjölum 1. september sl. Að mati sveitarfélagsins séu ekki forsendur eða tilefni til frumkvæðisathugunar. Vísar sveitarfélagið m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 579/2010, þar sem talið var að ákvæði þágildandi skipulagslaga girtu ekki fyrir að framkvæmdaraðili gæti tekið þátt í kostnaði af gerð skipulags, svo fremi sem slík greiðsluþátttaka gengi ekki gegn markmiðum laganna þannig að réttaröryggi í meðferð skipulagsmála yrði tryggt.

Þá séu umrædd ákvæði 7. gr. rammasamkomulags sveitarfélagsins og Landsvirkjunar og 6. gr. samkomulags Flóahrepps og Landsvirkjunar sem fjallað var um í úrskurði samgönguráðuneytisins frá 31. ágúst 2009, ekki sambærileg að mati sveitarfélagsins. Í samkomulagi sveitarfélagsins sé eingöngu kveðið á um greiðslu sannanlegs kostnaðar við undirbúning virkjanaframkvæmda, en ekki allan kostnað líkt og sé gert í samkomulagi Flóahrepps. Þá kveði samkomulag sveitarfélagsins ekki á um að Landsvirkjun greiði kostnað beint til ráðgjafa líkt og í samkomulagi Flóahrepps, heldur einungis sannanlegan útlagðan kostnað til sveitarfélagsins. Það hafi grundvallarþýðingu að engin samskipti eða fjárhagsleg tengsl séu milli ráðgjafa sem vinni skipulagið og Landsvirkjunar og þá hafi sveitarfélagið ekki fengið neinar tekjur frá framkvæmdaraðilanum heldur einungis greiðslur fyrir útlagðan kostnað.

Ráðuneytið gaf málshefjanda tækifæri á að tjá sig um umsögn sveitarfélagsins um erindið og bárust sjónarmið málshefjanda þann 20. október sl. Að mati málshefjanda standi úrskurður samgönguráðuneytisins frá 31. ágúst 2009 í máli nr. 25/2009 óhaggaður og dómur Hæstaréttar í máli nr. 579/2010 hafi ekki endurskoðað þann úrskurð. Sveitarfélagi hafi aldrei verið heimilt að áskilja sér framkvæmdaleyfisgjald sem sé hærra en kostnaður þess og að gjaldið þyrfti að vera í samræmi við

gjaldskrá. Skýr lagaákvæði hafi verið til staðar um heimildir sveitarfélaga til gjaldtöku fyrir framkvæmdaleyfi en fyrir gildistöku laga nr. 123/2010 hafi verið óheimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir skipulagsvinnu. Þá sé því hafnað að ákvæði 6. gr. samkomulags Flóahrepps og Landsvirkjunar sé annað en 7. gr. rammamkomulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Landsvirkjun. Þá sé ekki upplýst um hvernig fjárhæð 3. mgr. 2. gr. lokauppgjörsins sé fundin, þar sem fylgiskjalið hafi ekki verið lagt fram.

Kvörtun vegna háttsemi sveitarstjóra

Ráðuneytinu barst þann 18. október sl. erindi Margrétar Erlendsdóttur, f.h. málshefjanda, þar sem kvartað er yfir framkomu oddvita og sveitarstjóra sveitarfélagsins í garð málshefjanda. Byggist kvörtunin á því að kjörni fulltrúinn hafi misnotað stöðu sína með ítrekuðum kröfum á hendur málshefjanda um að afhenda einkaréttarlegan samning sem væri sveitarfélaginu óviðkomandi. Erindi oddvita hafi verið ómálefnaleg og óviðkomandi stjórnarsýslu sveitarfélagsins og í þeim hafi verið settar fram rangar og villandi staðhæfingar.

Í kvörtun málshefjanda kemur fram að þann 9. ágúst 2023 hafi sveitarstjóri óskað eftir því við málshefjanda að fá afhentan samning málshefjanda við Landsvirkjun sem lýtur að ráðstöfun á hluta jarðar í eigu málshefjanda. Að mati sveitarstjóra væri mikilvægt að allar staðreyndir máls varðandi áformaðar virkjunarframkvæmdir lægju fyrir opinberlega. Ítrekaði sveitarstjórinn beiðnina þann 1. september 2023 og hafnaði málshefjandi þeirri beiðni. Á fundi sveitarstjórnar 6. september 2023 var stjórnarsýslukæra málshefjanda til umræðu og í fundargerð fundarins kemur fram að sveitarstjóri hafi sent áskorun til Landsvirkjunar og málshefjanda um að birta samning um bætur, til að öll gögn séu gerð opinber.

Ráðuneytið óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins um kvörtun málshefjanda og barst sú umsögn 29. október 2023. Að mati sveitarfélagsins sé ekki tilefni til frumkvæðisathugunar vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hafi talið upplýsandi fyrir málið og íbúa sveitarfélagsins að fá aðgang að samningi sem málshefjandi gerði við Landsvirkjun vegna sömu framkvæmdar. Þá hafi sveitarstjóri ekki gengið harðar fram en eðlilegt geti talist og engar rangar eða villandi fullyrðingar hafi verið settar fram af hálfu hans. Kæra málshefjanda varði gjald í tengslum við Landsvirkjun og taldi sveitarfélagið því sjálfsagt að upplýsa um venjubundna framkvæmd hjá Landsvirkjun að greiða gjald og bætur þegar það á við.

Afstaða ráðuneytisins

Þátttaka Landsvirkjunar í kostnaði við skipulagsvinnu

Að mati ráðuneytisins lýtur álitefnið í þessum þætti málsins fyrst og fremst að því hvort að ákvæði 7. tölul. rammamkomulags sveitarfélagsins og Landsvirkjunar frá 26. júní 2008, og fullnaðaruppgjör aðila frá 23. júní 2023, sem byggði á samkomulaginu, hafi verið í samræmi við lög. Ákvæðið mælti fyrir um að Landsvirkjun skuli greiða allan sannanlega útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna undirbúnings virkjana, s.s. kostnað vegna skipulagsbreytinga og vinnu við útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samkvæmt 109. gr. sveitarstjórnarlaga hefur ráðherra eftirlit með því að sveitarfélög gegni skyldum sínum samkvæmt lögum þessum og öðrum löglegum fyrirmælum, hafi öðrum ekki verið falið það hlutverk með beinum hætti. Í því felst eftirlit með því hvort sveitarfélög hafi haldið sig innan þeirra efnisreglna sem gilda um starfsemi þeirra, þ.m.t. hvort beiting sveitarfélags á matskenndum heimildum sé málefnaleg. Að mati ráðuneytisins er öðrum stjórnvöldum ekki falið með beinum hætti að hafa eftirlit með því að gerð umrædds samkomulags hafi verið í samræmi við skipulagslög og reglur stjórnarsýsluréttar og fellur það því undir hið almenna eftirlit ráðuneytisins með sveitarfélögum, skv. 109. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga. Þau atriði rakin eru hins vegar í upphaflegu erindi málshefjanda sem varðaði undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar, m.a. sjónarmið sem snúa að því að uppistöðulón tengt fyrirhugaðri virkjun of víðfemt menn og að áhættumat og undirbúningur málsins sé ófullnægjandi og verulega áfátt í mörgum og mikilvægum atriðum, falla hins vegar utan hins almenna eftirlits ráðuneytisins með stjórnarsýslu sveitarfélaga.

Samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár skulu sveitarfélög sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir. Meðal hlutverka og ábyrgðar sveitarfélaga er að annast gerð aðal- og deiliskipulagsáætlana, sbr. 3. mgr. 3. gr., 29. gr. og 38. gr. skipulagslaga. Ljóst er því að sveitarstjór

hefur víðtækt vald í skipulagsmálum innan marka sveitarfélags, en ber þó að gæta þess að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála, sbr. c-lið 1. gr. skipulagslaga. Þá er ljóst að við meðferð stjórnáskilvalds er stjórnvald ávallt bundið af málsmeðferðarreglum stjórnáskiluréttar og skulu athafnir þeirra vera lögmætar og málefnalegar.

Í 1. mgr. 23. gr. og 34. gr. eldri skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem nú hafa verið leyst af hólmi með skipulagslögum nr. 123/2010, var fjallað um greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu. Þar kom m.a. fram að kostnaður við gerð skipulags skuli greiddast úr sveitarsjóði með þeirri undantekningu að landeiganda eða framkvæmdaraðila væri heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað.

Í áður nefndum úrskurði samgönguráðuneytisins í máli nr. 25/2009, var það niðurstaða ráðuneytisins að í skipulags- og byggingarlögum væri fortakslaust kveðið á um það með hvaða hætti greiða skyldi kostnað við gerð deiliskipulags. Meginreglan væri sú að kostnaður skyldi greiddur af sveitarfélaginu með þeirri undantekningu að tilteknum aðilum væri það heimilt, að uppfylltu því skilyrði að þeir myndu sjálfir vinna tillögur að deiliskipulagi eða breytingar á slíku skipulagi og leggja fyrir sveitarstjórn. Löggjafinn gerði því ekki ráð fyrir því að hægt væri að semja um það fyrirfram að tiltekinn aðili bæri allan kostnað af deiliskipulagi sem sveitarstjórn myndi vinna. Því hafi Flóahreppi ekki verið heimilt að semja við Landsvirkjun með þeim hætti að framkvæmdaaðili tæki þátt í greiðslu kostnaðar vegna skipulagsvinnu.

Með vísan til þeirra forsenda sem fram komu í úrskurði ráðuneytisins, synjaði umhverfisráðherra tillögu Skipulagsstofnunar um staðfestingu á aðalskipulagi Flóahrepps frá 2006-2018 fyrir þann hluta er varðaði Urriðafossvirkjun þann 29. janúar 2020, þar sem það hefði grundvallast á umræddu samkomulagi. Hefði aðalskipulagið því byggt á ólögmætum forsendum sem væru andstæðar fyrir mælum 34. gr. þágildandi skipulagslaga, réttaröryggissjónarmiðum sem byggju að baki lögnum og lögmætisreglu stjórnáskiluréttar. Í dómi Hæstaréttar frá 10. febrúar 2011, í máli nr. 579/2010, var sú ákvörðun umhverfisráðherra ógilt þar sem ekki var talið heimilt að synja um staðfestingu aðalskipulags að hluta. Í niðurstöðu Hæstaréttar var m.a. vísað til forsenda héraðsdóms í málinu, en þar sagði að í eldri skipulagslögum væri hvergi lagt bann við því að framkvæmdaraðili greiði kostnað vegna vinnu við aðal- eða deiliskipulag. Að mati dómsins var ekki hægt að leiða þá niðurstöðu af 34. gr. eldri skipulagslaga að framkvæmdaraðili gæti í engum öðrum tilvikum en fram kemur í 23. gr. laganna tekið þátt í kostnaði við gerð skipulags, svo fremi sem slík greiðsluþátttaka bryti ekki gegn markmiðum laganna skv. 1. gr. þeirra, m.a. þannig að réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála yrði ekki tryggt. Í forsendum Hæstaréttar sagði síðan að ákvæði samkomulags aðila laut einungis að kostnaði sem falla myndi til vegna aðal- og deiluskipulagsvinnu vegna virkjunarinnar. Yrði ekki fallist á að slík greiðsluþátttaka myndi ógni réttaröryggi við meðferð skipulagsmála sveitarfélagsins eða stríði gegn öðrum markmiðum laganna.

Að mati ráðuneytisins verður niðurstaða Hæstaréttar í umræddu máli ekki túlkuð á annan veg en að framkvæmdaraðila og sveitarfélagi var heimilt á grundvelli eldri skipulagslaga að gera með sér samkomulag um að framkvæmdaraðili greiði ákveðin kostnað við gerð deiliskipulags sem fremi sem slík greiðsluþátttaka myndi ekki brjóta gegn réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála. Í máli þessu var gert ráð fyrir í rammisamkomulagi sveitarfélagsins og Landsvirkjunar frá 26. júní 2008 að Landsvirkjun myndi greiða allan útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna undirbúnings virkjana, s.s. kostnað vegna skipulagsbreytinga. Að mati ráðuneytisins verður ekki talið að umrætt ákvæði hafi verið með þeim hætti að það bryti gegn réttaröryggi í meðferð skipulags- og byggingarmála sveitarfélagsins, enda er deiliskipulag Hvammsvirkjunar í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps og verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. þingsályktun nr. 13/141.

Við mat á því hvort að tilefni sé til að ráðuneytið taki stjórnáskiluréttar til formlegrar umfjöllunar vegna umrædds rammisamkomulags og fullnaðaruppgjors aðila vegna samkomulagsins telur ráðuneytið einnig rétt að líta til þess að langt er um liðið síðan rammisamkomulagið var gert. Einnig telur ráðuneytið rétt að horfa til þess að í núgildandi skipulagslögum er nú mælt fyrir um að sveitarstjórnnum er heimilt að innheimta framkvæmdarleyfisgjald fyrir framkvæmdir sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir og sé þörf á að vinna skipulagsáætlun og hefur málið því takmarkað leiðbeinandi gildi fyrir sveitarfélög.

Háttsemi sveitarstjóra

Í samskiptum sínum við borgarana, við meðferð starfsheimilda og útfærslu verkefna sinna eru stjórnvöld bundin bæði af þeim lögfestu og óskráðu reglum sem gilda um störf þeirra, þá sérstaklega þeim almennu reglum stjórnsýsluréttarins sem gilda um starfshætti opinberra aðila. Þeim ber því að hlýta reglna um meðalhóf, jafnræði og málefnalegan grundvöll í ákvörðunum og athöfnum sínum og gæta jafnframt að vönduðum stjórnsýsluháttum. Í kröfunni um vandaða stjórnsýsluhætti felst jafnframt að stjórnvöld gæti hlutlægni og sanngirni gagnvart borgurunum og gæti þess að þær upplýsingar og viðhorf sem þau láta frá sér séu réttar og framsetning þeirra eðlileg og sanngjörn gagnvart hlutaðeigandi borgara.

Á stjórnvöldum hvílir einnig rannsóknarskylda við meðferð mála og skylda að gæta að almannahagsmunum við meðferð allra mála. Í því kann að felast að afla þarf upplýsinga frá borgurum sem hafa almenna þýðingu fyrir íbúa sveitarfélags. Í kröfunni um vandaða stjórnsýsluhætti felst að stjórnvöld þurfa að sýni kurteisi og lipurð í samskiptum sínum við borgara og að ekki sé gengið harðar fram en eðlilegt getur talist þegar leitað er eftir slíkum upplýsingum. Stjórnvöld þurfa einnig að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna borgaranna og gæta meðalhófs í samskiptum við þá og þegar staðhæfingar þeirra um þá eru birtar á opinberum vettvangi.

Í 109. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram að ráðuneyti sveitarstjórnarmála skuli hafa eftirlit með því að sveitarfélög gegn skyldum sínum skv. sveitarstjórnarlögum og öðrum löglegum fyrirmælum. Í ljósi þess að ekki er kveðið á með beinum hætti að ráðuneytinu beri að hafa eftirlit með því að sveitarfélög gæti að vönduðum stjórnsýsluhættum, eins og t.d. er kveðið á um í 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis, hefur ráðuneytið talið að það falli fyrir utan almennt eftirlit þess með sveitarfélögum. Þar sem þessi háttur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort að sveitarfélagið hafi gætt að vönduðum stjórnsýsluháttum í samskiptum sínum við borgara telur ráðuneytið að það falli fyrir utan almennt stjórnsýslueftirlit þess með sveitarfélögum sbr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til framangreinds telur ráðuneytið að ekki sé tilefni til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga að öðru leyti en hér hefur verið gert. Bendir ráðuneytið þó sveitarfélaginu á að hafa þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin í huga við meðferð þessa máls og annarra sambærilegra mála í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Að öðru leyti er máli þessu lokið að hálfu ráðuneytisins.

F.h. ráðherra

Aðalsteinn Þorsteinsson

Ólöf Sunna Jónsdóttir

Afrit:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnes

804 Selfossi